

**Ed.**

## **228. Frumvarp til laga**

um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna 1945.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 4 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð til aðstoðar sildarútvegsmönnum árið 1945.

2. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyritæki, sem stunduðu sildveiðar með herpinót sumarið 1945, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir (þau) vegna aflabrests á sildarvertíðinni eiga erfitt með áframhaldandi rekstur.

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs fimm manna nefnd, sem tekur á móti umsóknum um lán þessi. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar. Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattframtali umsækjanda 1945;
2. efnahagsreikningur umsækjanda 30. sept. 1945;
3. rekstrarreikningur sildarútgerðar umsækjanda 1945;
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar. Með allar upplýsingar varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

4. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Telji nefndin, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutfjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera.

5. gr.

Ekkert lán má afgreiða, fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess. Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og sér um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

6. gr.

Lán þessi veitast til 5 ára með 3% ársvöxtum. Þau greiðast með jöfnum árlegum afborgunum.

7. gr.

Selji lántakandi skip sitt, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

8. gr.

Þeir, sem fá lán samkv. lögum þessum, eru skyldir til að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

9. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.